

## Mosfell í Mosfellssveit.

Þegar komið er upp á hæðina fyrir norðan Brúarland í Mosfellssveit blasir Mosfellið við framundan til hægri. Ætlunin er að ganga á fellið í þessari ferð og kynnast því örlítið, sem þaðan má sjá. Við ökum yfir brúna á Köldukvísl og beygjum til hægri út af þjóðveginum nokkru fyrir norðan afleggjarann heim að Leirvogstungu. Afleggjarinn liggur upp að fellinu, að sandnámum, og við ökum hann eins langt og fært er. Fyrir mynni Mosfellsdals og fyrir framan Mosfellið eru miklir og háir melar. Þetta er gamlir sjávarkambar, sem mynduðust fyrr á tímum, þegar sjávarstaðan var hærri hér við Faxaflóann, en hún er nú.

Hér skiljum við bílinn eftir og hefjum gönguna upp á fellið sunnanvert. Ganga brúnir þess rangsælis, og skoða það sem fyrir augum ber.

Talið er að Mosfellið sé um 400-450 þúsund ára gamalt. Manni finnst það ærinn tími en í sögu jarðar er það eins og sekúndubrot. Og borið saman við nærliggjandi fjöll s.s. Esjuna, sem er hátt í 3 millj. ára gömul, er þetta ekki hár aldur. Samt hefur Mosfellið fengið að kenna á ýmsu um sína daga. Það hefur legið undir fargi ísaldarjökla, skafið og núið af þeim, enda ber það þess augljós merki. Því er ekki unnt að áætla hversu stórt það hefur verið í upphafi.

Þegar komið er upp á brúnirnar sjáum við inn yfir Mosfellsdalinn. Þar liggja bæirnir í röð meðfram fellsrótunum. Hrísrú vestast, þá kirkjustaðurinn að Mosfelli, Minna-Mosfell og austast er Laxnes, sem nýtur þeirrar frægðar að þar ólst upp Halldór Laxness rithöfundur.

Mosfell er ekki síður þekkt í sögunni, því þar dvaldi Egill Skallagrímsson síðustu ár ævi sinnar og í nánd við Mosfell á hann að hafa falið silfurfjársgjóði sína eftir því sem segir í sögu hans. Var hald manna að hann hefði fólgið fjársgjóðinn í Kýrgili, sem er skammt fyrir austan Minna-Mosfell. Þrjú fell liggja að dalnum að sunnan talin að vestan; þ.e. Helgafell, Æsustaðafell og Grimmansfell. Mikill jarðhiti er í sunnanverðum dalnum, en það sést ekki nú, því búið er að virkja þennan jarðhita og leiða vatnið í pípum til höfuðstaðarins. Grunar því fáa, sem leið eiga nú um dalinn hversu jarðhitinn er þar mikill eða hver not eru höfð af honum.

Við röltum austur brúnirnar. Freistandi væri að skreppa í Kýrgil og huga að silfri Egins, en það verður að bíða betri tíma. Í staðinn sveigjum við til vinstri í norðurátt og brátt opnast dalurinn sem liggur upp frá Kollafirði og er milli Esju og Mosfells. Eftir honum rennur Leirvogsa. Hún kemur í Leirvogsvatni, en það vatn er vestan til á Mosfellsheiði og liggur Þingvallavegurinn skammt frá því. Leirvogsa skilur að Mosfellsbæ annarsvegar og Reykjavík (Kjalarnes) hinsvegar. Héðan sjáum við aðra röð býla meðfram undirhlíðum Esju. Mógilsá er vestast og Þverárkot austast. Nokkur þessara býla eru nú í eyði.

Í fjarska sjáum við upp í Svínaskarð, en það liggur milli Móskaðshnúka og Skálafells. Um skarðið lá aðalvegurinn milli Kjósar og byggðarinnar við Sundin áður fyrir og um það skarð fóru flestir þeir ferðamenn, sem komu að vestan eða norðan eða fóru vestur og norður á land. Þá lá gatan meðfram Leirvogsa, hér fyrir neðan Mosfellið og beint til Reykjavíkur. Þá voru þessi býli undir Esjuhlíðum í þjóðbraut en þegar akvegurinn var lagður vestan við Esjuna á 3-ja áratug 20. aldar lagðist umferðin um Svínaskarðið af og er þessi leið nú ekki farin nema af fólki í skemmtiferð. Reiðgöturarnar meðfram ánni eru sléttar og greiðar og örugglega hafa margir skellt þar fákum sínum á skeið fyrrum.

Við höldum röltinu áfrfam og göngum upp á hæstu hæð Mosfellsins, sem er í 276 m hæð y.s. Þaðan er fagurt útsýni yfir Kollafjörðinn og eyjarnar og ekki skaðar

það að vera þar staddur um sólsetursbil á kyrru, heiðskíru síðsumarkveldi, þegar sólin er að ganga undir bak við Snæfellsjökul. Þeirri fegurð er ekki unnt að lýsa með orðum.

Frá þessum útsýnisstað göngum við niður fellið að vestan og að bílnum. Hressandi gönguferð er lokið.

(Mbl. 17. júlí 1980)